

Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur, haldinn 12. september  
2016 samþykkir eftirfarandi:

**1. Aðalfundurinn krefst þess að makrílveiðar smábáta verði tafarlaust gefnar frjálssar.**

*Greinargerð:*

Af ótrúlegri skammsýni og sérgirni voru handfæraveiðar smábáta kvótasettar.

Þar var fórnað prýðilegu tækifæri nýs afkomumöguleika fyrir smábátaflotann fyrir hagsmuni fátta. Til að fullkomna skömmina var það gert með rökum sem halda hvorki vatni né vindi.

Nýlegar rannsóknir sýna að aldrei hefur gengið meira magn makrils inn í íslensku efnahagslögsöguna. Veiðar smábáta á þessari tegund geta aldrei skipt neinu varðandi afkomu þessa risavaxna fiskstofns og þær bábiljur að markaðsstarf Íslendinga erlendis myndi bíða hnekki eru í besta falli hlægilegar.

**2. Aðalfundurinn krefst þess að veiðigjöld verði lækkuð og reiknuð með þeim hætti að þau samræmist afkomu viðkomandi útgerða.**

*Greinargerð:*

Allar athuganir sýna að veiðigjöldin koma lang verst við smábáta-útgerðina. Sé það ætlun og tilgangur ráðamanna eiga þeir að segja það hreint út. Og hætta að tala um hversu umhugað þeim er um nýliðun í sjávarútvegi og litlu fyrirtækin.

**3. Aðalfundurinn krefst þess að strandveiðikerfinu verði breytt til þess vegar sem síðustu aðalfundur LS hafa samþykkt. Hætt verði með hin illræmdu aflapök og strandveiðibátum heimilaðar veiðar ákveðinn dagafjöldi í viku, ákveðinn hluta úr árinu.**

Smábátafélag Reykjavíkur bendir sérstaklega á þá aðstöðu sem suðvestur horn landsins er í hvað varðar tímasetningu veiðanna. Handfæratímabilið hefst löngu fyrir þann dag sem hefur verið fastur upphafsdagur, 1. maí og lýkur löngu áður en strandveiðunum yfir landið lýkur 31. ágúst.

**4. Aðalfundurinn hvetur smábátæigendur um land allt til að gera rækilega vart við sig á framboðsfundum sem nú fara í hönd fyrir komandi alþingiskosningar.**

**5. Aðalfundurinn** furðar sig á því virðingar- og skeytingarleysi sem sjávarútvegsráðherra hefur sýnt viðhorfum LS og svæðisfélögum þess.

Samráð við heildarsamtök smábátaeigenda hefur verið í algeru lágmarki og þá sýndu vinnubrögð hans í upphafi embættissetunnar að tekjumöguleikar og væntingar strandveiðimanna á D svæðinu eru ekki einu sinni þess virði að eiga hin minnstu samskipti við viðkomandi aðila þar um.

Nú hafa borist þær fréttir að ráðherrann hafi skipað óformlegan vinnuhóp varðandi endurskoðun á strandveiðikerfinu.

Aðalfundurinn afþakkar frekari afskipti núverandi sjávarútvegsráðherra af málefnum smábátaútgerðarinnar og krefst þess að vinnuhópurinn verði tafarlaust leystur upp.

**6. Aðalfundurinn** fer þess lengstra orða fram á við Faxaflóahafnir að hætta að þrengja að smábátum í Reykjavíkurböfn. Félagið vill eiga góð samskipti við höfnina og lýsir fullum vilja til samstarfs um þau mál sem að smábátunum snúa.

**7. Aðalfundurinn** skorar á stjórnvöld að starfsemi og rannsóknaaðferðir Hafrannsóknastofnunar verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar. Til þess verði fengnir sérfræðingar á sviði líffræði og annarra tengdra vísinda, innlenda og erlenda og ekki handvalið í slíkan rannsóknarhóp eftir þýlyndi viðkomandi við stefnu Hafrannsóknastofnunar.

Stefna Hafrannsóknastofnunar er löngu úr sér gengin. Engu skiptir hversu mikill fiskur gengur á miðin og reynsla veiðimanna einskis metin. Þegar fiskveiðikerfið var leitt í lög árið 1984 var allt talið í kalda koli og gefnar út veiðiheimildir sem eru sambærilegar þeim sem var verið að gefa út í byrjun nýhafins fiskveiðiárs. Nú er hins vegar einhverjum „stórkostlegum árangri“ fagnað. Hver hann er fær ekki nokkur veiðimaður skilið.

**8. Aðalfundurinn** hafnar alfarið vangaveltum um skiptingu á makríl aflaheimildum fyrir aðrar tegundir og skorar á stjórnvöld að auka aflaheimildir smábáta í markíl og afnema þá hlutdeildarsetningu sem framkvæmd hefur verið með reglugerð síðastliðin 2 ár.